

Læknaráð Landspítala mótmælir fullyrðingum landlæknis um störf sérfræðilækna og öryggi sjúklinga

Ályktun stjórnar læknaráðs Landspítala þann 10. maí 2017

Stjórn læknaráðs mótmælir harðlega fullyrðingum landlæknis í Fréttablaðinu 9. maí sl., um að sérfræðilæknar Landspítalans sinni ekki veikustu sjúklingum spítalans og láti það eftir óreyndum unglæknum, kandídötum og hjúkrunarfræðingum. Þeir sem þekkja til starfsemi Landspítalans vita að þetta er ekki rétt og telja verður að hér hafi landlæknir farið fram úr sér í yfirlýsingum.

Þjónusta Landspítalans er skipulögð svo að viðeigandi þekking og reynsla sé til staðar á öllum tímum sólarhringsins eins og stjórnendur hans telja þörf á og fjárheimildir leyfa. Á álagstímum er ástandið metið daglega og viðbúnaðarstig og mönnun ákvörðuð í samræmi við það. Vinna sérfræðilækna og annarra starfsmanna er skipulögð af stjórnendum sjúkrahússins með þarfir og öryggi sjúklinga í forgrunni á hverjum tíma.

Sérfræðilæknar stinga ekki af frá starfsskyldum sínum eða skilja sjúklinga eftir í reiðileysi, eins og skilja má af viðtalinu við landlækni. Stjórn læknaráðs telur að sérfræðilæknar Landspítala, hvort sem þeir eru í hluta- eða fullu starfi, sinni starfi sínu af fagmennsku, samvirkusemi og oft umfram starfsskyldur. Þeir eru ekki ógn við öryggi sjúklinga né sú starfsemi og þjónusta sem þeir eða aðrir sérfræðingar veita á læknastofum. Stjórn læknaráðs telur mikilvægt að þeir sem fjalla um heilbrigðismál tali af ábyrgð og þess sé gætt að skapa hvorki ótta né óöryggi meðal sjúklinga í yfirlýsingum.

Nánari upplýsingar veitir Reynir Arngrímsson, formaður læknaráðs Landspítala (s: 8245856)